

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2008 02-2008040836  
T-ums 13/08


**Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur - 526. mál - EES-reglur,  
heildarlög**


Ríkisskattstjóri hefur þann 14. apríl 2008 móttengið bréf yðar dagsett 10. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur - 526. mál.

Með frumvarpinu er ætlað að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006, um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE, eða 8. félagatilskipuninni.

Ríkisskattstjóri fagnar þessu frumvarpi og telur að með lögfestingu þess yrði tekið stórt skref til samræmingar á kröfum um lögboðna endurskoðun. Þá er ljóst að skyldur endurskoðenda eru skýrðar og áhersla lögð á að tryggja óhlutdrægni þeirra. Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðmundur Guðbjarnason

  
Guðrún J. Jónsdóttir